

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Arnargata 10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 2. október 2014 breytingu á deiliskipulagi Fálkagötureits vegna lóðarinnar nr. 10 við Arnargötu. Í breytingunni felst að byggja við húsið og nýta þak viðbyggingar sem þaksvalir. Jafnframt er gert ráð fyrir að byggja megi yfir svalir á norðausturhlið.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Austurbrún 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 2. október 2014 breytingu á deiliskipulagi reits 1.381, Laugarás. Í breytingunni felst breyting á afmörkun deiliskipulagsins og aukning á byggingarmagni lóðarinnar nr. 6 við Austurbrún.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grettisgata 62 – Barónsstígur 20A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. október 2014 breytingu á deiliskipulagi Njálsgötureits, reitur 1.190.1, vegna lóðanna nr. 62 við Grettisgötu og 20A við Barónsstíg. Í breytingunni felst sameining lóða, aukning á byggingarmagni og hækkun á nýtingarhlutfalli.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 29. október 2014.

Björn Axelsson.